



Skipulags- og samgönguráð

Efni:

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um vetrargarð við Jafnasel.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 18. nóvember 2020 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Reykjavíkurborg er með áætlanir um Vetrargarð fyrir íbúa Reykjavíkur og nágrennis, við skíðabrekkuna í Jafnaseli. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir svörum við eftirfarandi fyrirspurnum:

- 1. Vatnsendahvarf þar sem nýr Vetrargarður á að rísa er einn besti útsýnisstaður borgarinnar og býður upp á möguleika á heillandi útsýnishúsi eða útsýnisfalli ásamt viðeigandi þjónustu. Hversu mikið telja skipulagsyfirvöld að hraðbraut, sem kljúfa á Vatnsendahvarf að endilöngu, dragi úr framtíðarmöguleikum Vetrargarðsins og svæðisins í heild?*
- 2. Hver munu áhrif hraðbrautar svo nálægt fyrirhuguðum Vetrargarði verða?*
- 3. Hvernig verða mengunarmál leyst þegar stór gatnamót verða alveg upp við leik og útivistarsvæði sem er að mjög miklu leyti notað af börnum?*
- 4. Umhverfismat fyrir 3. áfanga Arnarnesvegur er eldra en 10 ára gamalt, eða frá 2002, og í ljósi þess er ekki enn útséð hvort Skipulagsstofnun fari fram á nýtt mat. Stendur til að fresta útboði þar til niðurstaða um það liggur fyrir?*
- 5. Tenging við Breiðholtsbraut er nú áætluð með ljósastýrðum gatnamótum en ekki mismögum eins og upphaflega umhverfismatið gerði ráð fyrir. Þessi gatnamót munu tefja verulega umferð inn og úr Breiðholti, sem liggur um Breiðholtsbraut. Hvernig hyggjast skipulagsyfirvöld bregðast við því?*
- 6. Vatnsendahvarfið, sem þessi 3. áfangi Arnarnesvegur á að liggja um, er mun grónara en fyrir 18 árum og virði þess sem útivistarsvæðis meira. Þar vex fjölbreyttur gróður og ýmsar tegundir farfugla, svo sem lóur, hrossagaukar og spóar verpa þar á hverju ári. Hvernig hyggjast skipulagsyfirvöld standa vörð um náttúru- og dýralífið á meðan á framkvæmdum stendur og í kjölfar þeirra?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs.



Svör:

Svör við liðum 2-6 koma frá Vegagerðinni, enda um að ræða þjóðveg sem liggur bæði í Kópavogi og Reykjavík.

1. Fyrirhugaður Arnarnesvegur sem liggur að mestu í Kópavogi hefur lítil áhrif á það svæði í Seljahverfi sem afmarkað er fyrir Vetrargarðinn. Samkvæmt drögum að skipulagi fyrir vetrargarðinn, sem er hluti af hverfiskipulagi Seljahverfis, er gert ráð fyrir fjölbreyttum möguleikum á útivist og vetraríþróttum á svæðinu. Lega Arnarnesvegur hefur ekki áhrif á brekkur Vetrargarðsins en þær liggja neðan við veginn. Gert er ráð fyrir að stígur (gönguskíðabraut) liggi frá aðkomu/bílastæðum og í jaðri Vetrargarðs inn á opið svæði sunnan við Vetrargarðinn og verði þannig hluti af göngustígakerfi Breiðholtsins.
2. Arnarnesvegur (411) verður stofnbraut í umsjá Vegagerðarinnar. Leyfilegur hámarkshraði er áætlaður um 60 km/klst á móts við fyrirhugaðan Vetrargarð. Vegur þessi hefur verið í skipulagsáætlunum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í áratugi. Framan af var stærri hluti hans innan borgarmarka en skv. fyrirbyggjandi áætlunum verður vegurinn að mestu innan Kópavogs en vegamót við Breiðholtsbraut verða innan Reykjavíkur. Margar lausnir voru til skoðunar varðandi fyrirkomulag vegamótanna, sú sem ákveðið var að vinna áfram með gefur meira svigrúm við fyrirhugaðan Vetrargarð en sú lausn sem varð fyrir valinu eftir mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Útreikningar sýna að hljóðvist verður vel innan viðmiðunarmarka.
3. Hljóðmengun verður vel innan viðmiðunarmarka skv. útreikningum verkfræðistofunnar Eflu. Sjónmengun verður lágörkuð með landslagsmótun og gróðri. Loftmengun er ekki talin áhættuþáttur á þessu svæði.
4. Skipulagsstofnun féllst á, með úrskurði árið 2003, framkvæmd Arnarnesvegur milli Reykjavanesbrautar og Breiðholtsbrautar. Fyrirhugaðar eru breytingar á vegamótum við Breiðholtsbraut frá því að matið fór fram. Því var send matsskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunnar en hún fjallar aðeins um breytingar á vegamótum. Viðbragða frá stofnuninni er að vænta á næstunni.
5. Vegamót Breiðholtsbrautar við Arnarnesveg munu leysa af hólmi ljósastýrð vegamót Breiðholtsbrautar við Vatnsendahvarf en þau vegamót eru ofarlega á lista Reykjavíkurborgar yfir vegamót þar sem umferðaröryggi er ábótavant. Tafir við þau vegamót eru veruleg og hefur stórn Slökkviliðs höfuðborgarinnar þrýst á að Arnarnesvegur verði tengdur Breiðholtsbraut til að tryggja öryggi íbúa. Með nýjum vegamótum batnar umferðarflæði til muna. Næstu áfangar hvað umferðarflæði varðar snúa að því að fjölga akreinum á Breiðholtsbraut. Nokkur ljósastýrð vegamót eru nú þegar á Breiðholtsbraut. Samkvæmt umferðarspám og reikningum, með ný vegamót Arnarnesvegur sem forsendu, má búast við að tafir á Breiðholtsbraut verði mestar við Selásbraut/Norðlingaholt. Slíkar tafir geta haft áhrif á umferðaröryggi á Hringvegi (1). Vegagerðin vinnur nú að frumskoðun fyrir Breiðholtsbraut (413) í heild.
6. Framkvæmdin hefur ekki áhrif á vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Framkvæmdin raskar að litlu leyti vistgerðum sem hafa miðlungs til hátt verndargildi og hefur ekki áhrif á vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Staðargróður, þar með talið trjágróður, verður notaður til að ganga frá og græða framkvæmdasvæðið.

Fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs,
Lilja Sigurbjörg Harðardóttir